

Roj Friberg (t.v.) undir myndum sínum ásamt nokkrum sýningarnefndarmönnum (ljósm. eik).

Til heiðurs pappírnum


FÍM opnaði mikla haustsýningu að Kjarvalsstöðum um helgina – þar eru sýnd um 180 verk eftir 44 höfundum. Og sýningunni var frá upphafi settur ákveðinn rammi – sá, að hún er takmörkuð við verk sem unnin eru á pappír og úr pappír. Úr þessum sakleysislega fjölmiðli, ef svo mætti segja, sem umber allt og tekur við öllu, en er ekki allur þar sem hann er séður.

Og greinir frá sögu hans í sýningarskrá allar götur frá því að Kínverjar tóku upp úr því að tæta í pappír hamp, tuskur og ónýt fiskinet í byrjun annar aldar eftir Krist. Þar má lesa þá vísu líka, sem var mikið grundvallaratriði hjá Pressaranum í Dúfnaveislunni: allt veltur á því að hæfilega mikið af réttu vatni komi til skjalanna réttstundis.


Roj Friberg heitir gestur sýningarinnar og nýtur allgóðs rúms fyrir enda salarins – hann er maður hugvittsamur við að finna púðrið í ófögnum hlutum. Annars er sýningin stærri og fjölbreytilegri en frá verði sagt. Stúðeringar í fhugun Sigvalda Hjálmarssonar (Höfundur Snorri Sveinn) eru ekki langt frá skýrt afmörkuðum og litsterkum flötum Tryggva Ólafssonar. Samklipp úr New York og Reykjavík standa ekki langt frá figúrum og maskineríu sem ætlar út úr veggnum og út úr rammanum. Strangar og næstum einlita myndir eru í nábýli við rauðar og bláar og grænar spurningar um friðinn, er hann úti? Er hann hvergi?

Guðfræðingur hvíslaði því að blaðamanni við opnun, að hér væri á ferð mikil ólga og mikil sköpunargleði. Og láti guð gott á vita.....

áb.



Rauðar, bláar og grænar spurningar: Sigrún Eldjárn „Er hvergi friður?“



... figúrir og maskinerí sem ætlar út úr veggnum og út úr rammanum (Sigurður Örlýgsson - Hjól).



Eitt af portrettum Snorra Sveins Friðrikssonar.

*FÍM-
sýningin
á
Kjarvals-
stöðum*